

2301004

**From:** Helga Mjöll Sigurðardóttir  
**Sent:** laugardagur, 31. desember 2022 14:19  
**Subject:** Styrkur

Góðan dag,

Helga Mjöll heiti ég og sit í stjórnarnefnd kórs Menntaskólans að Laugarvatni en kórinn skipar veigamikil hlutverk í félagsstarfi okkar. Í kórnum eru 128 nemendur skólans og eru 33 úr sveitafélaginu Árborg. Í apríl næstkomandi stefnir kórinn á að fara til Ítalíu, halda tónleika, kynna menningunni, efla hópinn og syngja með öðrum kórum á alþjóðlegri tónlistarhátíð. Þar sem tónleikaferðin kostar töluvert og til að stuðla að jafnrétti innan hópsins er markmið okkar að safna sem mestu fyrir ferðina. Það er ekki sjálfsagt að nemendur 16-20 ára hafi efni á utanlandsferð með skóla en við höfum verið dugleg í fjáröflun og héldum meðal annars í desember s.l. þrenna vel heppnaða jólatónleika í Skálholtskirkju þar sem fólk borgaði sig inn til að hlusta á flotta kórinn okkar. Til þess að okkur takist að ná endanlegu markmiði okkar leitum við til sveitarfélaga og biðjum um styrk til tónleikahaldsins á Ítalíu.

Við yrðum virkilega þakklát ef þið sjáið ykkur fært um að styrkja okkur, því allt hjálpar.

Virðingarfyllst,

Helga Mjöll Sigurðardóttir  
Formaður kór Menntaskólans að Laugarvatni